

**Ed.**

**695. Nefndarálit**

[49. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 39 7. apríl 1943, um húsaleigu.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur klofnað um málið. Meiri hl., fulltrúar Sjálfstfl. og Framsfl., vill láta samþykkja frv., en við undirritaðir eru andvígir því.

Aðalefni frv. þessa eru ákvæði 7. gr., sem mæla svo fyrir, að húsaleigulögin skuli falla úr gildi smátt og smátt og að fullu og öllu 14. maí 1952, nema viðkomandi bæjar- og sveitarstjórnir ákveði annað innan þeirra takmarka, sem frv. gerir ráð fyrir. Öðrum ákvæðum frumvarpsins er því aðeins tjaldað til einnar nætur.

Ef húsaleigulögin, og þar með allar hömlur á verðlagi húsaleigu, verða felld úr gildi, verður afleiðingin sú, að verð á húsaleigu ákvarðast eingöngu af framboði og eftirspurn. Við þær aðstæður takmarkaðs húsnæðis, sem við eigum nú við að búa, einkum hér í Reykjavík, er augljóst, að þetta verður til þess, að öll húsaleiga hækkar úr öllu hófi. Það verður svartamarkaður á allri húsaleigu. Eins og nú er ástatt um hag manna, hlýtur þetta að verða til þess, að fjöldi láglanamanna fær ekki undir risið og verður beinlínis flæmdur frá heimilum sínum. Eins og horfurnar eru nú um efnahag manna, er erfitt að gera sér grein fyrir því neyðarástandi, sem samþykkt þessa frv. óbreytts mundi eiga sinn þátt í að skapa, ef það kemur til framkvæmda.

Við leggjum því til, að 7. gr. frv. verði felld niður, en í stað hennar komi ákvæði um könnun á ástandi húsnæðismála, stærð húsnæðis og leigukjörum og öðrum at-riðum, er varða ásigkomulag og afnot húsnæðis, shr. breytingartillögu, er við flytjum á sérstöku þingskjali. Verði þessi tillaga samþ., munum við flytja fleiri breyt-ingartillögur við 3. umr., en að öðrum kosti greiða atkvæði gegn frv.

Alþingi, 9. maí 1950.

Brynjólfur Bjarnason,  
frsm.

Hannibal Valdimarsson,  
fundaskr.